

” Við unga fólkið erum þau sem tókum við landinu í komandi framtíð og við eigum að byrja að hafa áhrif strax.



Menntakerfið

– er lykill að velmegun til framtíðar.

Ég er 20 ára og bý á Akranesi og stunda nám á félagsfræðibraut við Fjölbrautaskóla Vesturlands. Ég hef einnig búið í Neskaupstað og Ólafsfirði. Ég hef tengingu vestur í Öndarfjörð þar sem móðurfólkið mitt kemur frá Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal. Föðurætt er frá Akranesi og Borgarfirði.

Ég sit í stjórn Þórs félags ungra Sjálfstæðismanna á Akranesi. Stjórnin hefur á síðustu mánuðum styrkt stöðu Sjálfstæðisflokksins meðal ungs fólks á Akranesi

Fyrir utan pólitískan áhuga þá hef ég mikinn áhuga á fótbolta og hef æft hann frá 5 ára aldri. Ég hef spilað með eftirtöldum liðum: Þrótti N., Leiftri, ÍA, FH, Stjörnuni og á þessu tímabili mun ég spila með Hamri Hveragerði.

Ég tek þátt í þessu prófkjöri vegna þess að mér finnst að ungt fólk eigi að taka þátt í pólitík. Við unga fólkið erum þau sem þurfum að taka við landinu í komandi framtíð og við eigum að byrja að hafa áhrif strax. Einnig þarf að standa vörð um menntakerfið, ekki skera niður þar þó erfiðleikar séu í efnahagslífinu því mesti auður þjóðarinnar erum við sjálf. Menntakerfið er lykill að velmegun til framtíðar. Standa verður vörð um heimili landsins og í því felst að styrkja verður fyrirtækin í landinu og bankakerfið og koma þeim af stað aftur sem allra fyrst. Fyrsta skrefið til þess er að lækka vexti, það þolir enga bið.

Þegar fólk á mínum aldri kemur úr skólum viljum við að efnahagsástandið sé komið í lag þannig að atvinnutækifærin séu til staðar. Skapa þarf aðstæður til að unga fólkið geti keypt sína fyrstu íbúð á eðlilegum kjörum.

Skarphéðinn
Magnússon

